

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um ökuskírteini, nr. 830/2011.

1. gr.

Við 2. mgr. 29. gr. reglugerðarinnar bætist: og 8. mgr. 52. gr.

2. gr.

Við 52. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein, 8. mgr., sem orðist svo:

Með reglugerð þessari er innleidd reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/1280 frá 18. júlí 2022 um sértækar og tímabundnar ráðstafanir, í ljósi innrásar Rússlands í Úkraínu, varðandi skjöl fyrir ökumenn sem gefin eru út í Úkraínu í samræmi við löggjöf landsins, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2023 frá 28. apríl 2023 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópu-sambandsins nr. 40 frá 25. maí 2023, bls. 346-353.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 62. gr umferðarlaga nr. 77/2019, öðlast þegar gildi.

*Innviðaráðuneytinu, 16. nóvember 2023.*

F. h. r.

**Árni Freyr Stefánsson.**

*Marta Mirjam Kristinsdóttir.*